



Hlutverk stjórnar

Meginhlutverk stjórnar er að stýra starfseminni í samræmi við vilja félagsmanna eins og fram kemur í lögum sambandsins, fundarsamþykktum, samþykktri stefnu og markmiðum. Þá skal leitast við að byggja upp og viðhalda heilbrigðum félagsanda í þeim félögum sem starfa innan félagsins/sambandsins.

Dæmi um verkefni stjórnar má t.d. nefna:

- Að setja fram áætlanagerð fyrir almenna starfsemi og framkvæmdir til lengri og skemmri tíma.
- Að móta hugmyndir og tillögur um ný viðfangsefni.
- Að leysa vandamál sem upp kunna að koma.
- Að framfylgja samþykktum og ályktunum.
- Að fylgjast með að áætlanir og fjárhagur haldist í hendur.
- Að taka á móti erindum sem berast og afgreiða þau.
- Að undirbúa fundi og boða til þeirra.
- Að skipta verkum með einstökum stjórnarmönnum, nefndum, starfsmönnum, félagsmönnum, sjálfboðaliðum og samræma störf þeirra.

